

Skipulagning símenntunar fyrir fólk með þroskahömlun í samfélagi fyrir alla

Leiðbeiningar fyrir skipulagningu fullorðinsfræðslu sem gerir ráð fyrir þátttöku fólks með þroskahömlun

1. Það sem gera þarf þegar þú ákveður að opna námstilboð í almennri símenntun fyrir fólk með þroskahömlun

a. Skoðaðu grundvallarforsendur námskeiðanna sem eru í boði:

- **Markhópur: Til hvaða hóps fólks með þroskahömlun viltu ná?**

Hvaða forsendur á þátttakandi að uppfylla? (t.d. eiga þátttakendur með þroskahömlun að vera færir um að lesa eða skrifa, fái þeir hæfilega tæknilega aðstoð, þurfa þeir að hafa tiltekna verkfærni sem nauðsynleg er fyrir þetta nám?). Geturðu tekið við fólk með miklar samsettar eða flóknar fatlanir? Geturðu tekið við fólk með flóknar námsparfir sem krefjast mikillar aðlögunar í umhverfinu, námsgögnum eða kennsluaðferðum?

Líkamleg færni – Hugræn færni – Tjáskipti – Félagsleg færni

Vinnu-/námsleg færni (dæmi: lestur eða tiltekna hreyfifærni)

Þörf fyrir hjálpartæki – aðstoð – túlk – jafningjastuðning.

Er þörf fyrir sérstakt mat við inntöku?

- **Kennslustaðurinn – Er staðurinn og húsnæðið aðgengilegt öllum?**

Dyr og þröskuldar, lyfta, snyrtingar, annar búnaður, ljós-/hljóðvist. Aðstoð í biðtíma fyrir og eftir kennslutíma

- **Auglýsingar, kynning og skráning – eru leiðirnar sem stofnunin notar aðgengilegar fyrir alla?**

Upplýsingar á aðgengilegum stöðum um námskeið og hvar og hvernig á að sækja um. Auðlesinn texti eða sjónræn framsetning? Aðgangur að aðstoð eða ráðgjöf í umsóknarferlinu?

b. Skoðaðu innihald og tilgang hvers námskeiðs sem á að vera aðgengilegt öllum:

- **Hvaða almennu námskeið geta mætt áhuga og óskum fólks með þroskahömlun og er hægt að aðlaga án þess að raska námi annarra?**

Þörf fyrir sérstakt inntökumat?

- **Er þörf fyrir að breyta tilgangi eða markmiðum námsins?**

eða eiga að vera aðrar kröfur varðandi framvindu náms og árangur nemenda með þroskahömlun? (Stundum getur námsleg þátttaka verið tengd vissum þáttum námsins, og félagsleg samvera mikilvægust í öðrum þáttum svo dæmi sé tekið).

Fá nemendur með þroskahömlun sömu réttindi og aðrir nemendur, sýni þeir árangur innan almennra viðmiðunarmarka?

Fá þátttakendur með þroskahömlun takmörkuð réttindi samsvarandi árangri ef kröfur til þeirra eru minni eða öðruvísi en gerðar eru til annarra þátttakenda

- **Er innihaldið við hæfi allra þátttakenda?**

Hvaða almennu námskeið geta mætt óskum og þörfum markhópsins og hægt er að aðlaga án þess að hafa óæskileg áhrif á nám annarra þátttakenda?

Hvaða námskeið á að gera að sérstökum til boðum fyrir fólk með þroskahömlun og hvers vegna?

Tilgangur eða innihald getur verið mjög sérhæft fyrir markhópinn

Aðlögun innihalds getur verið mjög umfangsmikil

Aðlögun kennsluaðstæðna eða kennsluaðferða getur verið mjög umfangsmikil svo að námskeiði hentar ekki flestum öðrum

þörf fyrir stuðning getur verið mjög umfangsmikil og sérhæfð

Hafðu í huga að jafnvel þótt nám fyrir fólk með miklar og flóknar fatlanir fari fram á sérstökum námskeiðum, getur það hentað að deila húsnæði og félagslegri aðstöðu með annarri símenntun. Staðsetningin getur aukið á félagslega þátttöku, þótt sjálft námstilboðið sé sérstakt.

Til að fá upplýsingar um þarfir og óskir fólks með þroskahömlun fyrir fullorðinsfræðslu er gott að leita til

Átaks eða annarra samtaka fólks með þroskahömlun, réttindabaráttuhópa eða rýnihópa fólks með þroskahömlun eða talsmanna þess.

Fólks með þroskahömlun sem vinnur á vernduðum vinnustöðum, hæfingarstöðum eða dagþjónustu. Fólks í búsetuþjónustu.

Samtaka sem varða þroskahömlun, aðildarféлага Þroskahjálpar Fagfólks í félagsþjónustu

Fjölmenntar eða annarra símenntunarstöðva með þjónustu fyrir fólk með þroskahömlun

Sérðu í vafa hvort eða hvernig megi aðlaga námskeið þannig að það nái einnig til tiltekins hóps fólks með þroskahömlun er gott að leita til :

Fjölmenntar sem hefur ráðgjafarhlutverk á sviði fullorðinsfræðslu fyrir fólk með fötlun

Átaks eða annarra samtaka fólks með þroskahömlun, réttindabaráttuhópa eða rýnihópa fólks með þroskahömlun eða talsmanna þess.

Samtaka á borð við Þroskahjálpar

Kennara/fagfólks/félagsþjónustu við fólk með þroskahömlun

Símenntunarstöðva sem hafa reynslu af að halda námskeið fyrir fólk með þroskahömlun

Annarra með þekkingu á viðfangsefninu

2. Það sem gera þarf þegar þú hefur ákveðið að auglýsa tiltekin námskeið sem aðgengileg öllum. Skilgreina ýtarlegar:

- **Markmið og tilgang námskeiðsins eða námskeiðanna.**

Hvaða markmið þarf að aðlaga eða breyta. Það getur til dæmis snúist um færni, félagslegan ávinning, persónulegan þroska, valdeflingu.

- **Innihald og skipulag**
þarf að aðlaga innihald og fyrirkomulag að þörfum fatlaða markhópsins?
- **Kennsluaðferðir, námsefni, tímarammi, kennsluáætlanir**
Lýsing, hljóðvist?
Tákn með tali, tilteknar kennsluaðferðir s.s. TEACCH, tæknilausnir s.s. tiltekin forrit, rofar?
Námsefnið: þarf auðlesinn texta, stækkað letur, lit á pappír, myndræn tákn eða hluti, annað?
Lengd kennslustunda, hversu mörg kennsluhlé, hversu margar kennslustundir í senn?
- **Stuðningur**
Túlkun, jafningjastuðningur, aðstoðarmaður í kennslu, persónulegur aðstoðarmaður?
Fundur með kennara, kennsluráðgjafa, námsráðgjafa?
Óhefðbundið mat.?
- **Diplóma eða réttindi**
Fær þátttakandi með þroskahömlun sama diplóma eða réttindi og aðrir nemendur, nái hann sama árangri í náminu?
Fær þátttakandi með þroskahömlun takmörkuð réttindi eða sérstakt diplóma?
Auðveldar námið viðkomandi að fá vinnu?
Annar ávinningur fyrir þátttakanda með þroskahömlun?

3. Það sem gera þarf eftir að þátttakendur hafa verið skráðir og þú veist að þú hefur einn eða fleiri fatlaða þátttakendur í hópnum:

- **Fáðu upplýsingar frá þátttakandanum** – einungis það sem skiptir máli fyrir námið.
Hvað þarftu að vita?
Tjáning og málskilningur? – Hjálpartæki? – Óhefðbundnar leiðir til tjáningar?
Félagslegir þættir –færni og hindranir?
Áhugasvið – fyrri reynsla – sérstök áhugamál – sérstakar óskir?
Hreyfifærni/líkamlegar hindranir – Skynjun?
Námsleg færni?
- **Hvaða tilgangi, markmiðum eða árangri sækist þátttakandinn eftir?**
Er svigrúm til einstaklingsmiðaðrar aðlögunar?
Aðlögun markmiða, tækifæri til að velja og hafa áhrif?
- **Hagnýt aðlögun námskeiðsins m.v. þátttakendur**
Þar með talin kennslugögn og tjáskipti, kennsluhlé, kennslutími, stærð nemendahóps, þörf fyrir stuðning o.s.frv.
Kennsluaðferðir þurfa að taka mið af öllum þáttum: tilgangi námsins, þátttakendum, kennara og öðrum aðstæðum.

- **Undirbúa þátttakendur** – Góðar og viðeigandi upplýsingar áður en námskeið hefst.
 - Upplýsingar til þátttakanda með þroskahömlun á því formi sem best er aðgengilegt fyrir viðkomandi. Til dæmis viðtal, koma á staðinn áður en námskeið hefst, sjónræn gögn, annað?
 - Upplýsingar til annarra nemenda á sama námskeiði?
 - Upplýsingar fyrir annað starfsfólk á námsstaðnum?

4. Það sem gera þarf meðan á námskeiði stendur

- **Fyrsti fundur** – Þátttakendur með þroskahömlun eru fyrst og fremst þátttakendur eins og hver annar og það á að vera sjálfsagt mál að koma þannig fram við þá.
 - Hlýlegar móttökur og áhersla á innihald námskeiðsins er mikið auðveldari ef þú ert vel undirbúinn og hefur þegar unnið nauðsynlegar aðlaganir.
- **Undirbúningur fyrir kennslutíma** – Þú þarft hugsanlega að gera breytingar eftir því sem náminu vindur fram.
 - Þörf fyrir aðlögun? – Hvernig geturðu fundið út hvort árangur þátttakanda er í samræmi við væntingar?
 - Veitir skipulagið svigrúm fyrir valkosti, styrkingu sjálfsmýndar og valdeflingu?
 - Regluleg aukahlé geta verið mikilvæg.

5. Námsmat

- **Námsmat sem snýst um tilgang og framkvæmd námskeiðsins** – Hvaða vísbendingar geta sýnt námsferli þátttakanda með þroskahömlun?
 - Athuganir gerðar meðan á nami stendur eða í lok námskeiðs?
 - Árangur miðaður við markmið að teknu tilliti til fötlunar þátttakanda?
 - Andrúmsloft, færni, ánægja, annað?
- **Mat þátttakanda miðað við væntingar**
 - Hvernig getur þátttakandinn metið námskeiðið ef viðkomandi er ekki fær um að nota sömu leiðir og aðrir þátttakendur? Textar, ljósmyndir, teikningar, stuðningur af hjálpartækjum s.s. talmottu, prentuðu efni og broskörlum (merkja við eða líma á) tjáskiptatöflur?

Viðbætur I –

Samtal við þátttakendur eða talsmenn þeirra Hvað þarf að ræða - minnislisti

Fáðu upplýsingar sem varða þetta tiltekna námskeið. Það er mikið af upplýsingum sem þú þarfnast ekki og átt því ekki að spyrja um. Fáðu upplýsingar um færni og möguleika, þætti sem varða aðlögun kennslunnar og traust og öryggi þátttakandans.

Þetta er minnisblað. Enginn þarf að spyrja um alla þætti, en minnisblaðinu er ætlað að hjálpa kennara eða leiðbeinanda til að meta hvaða upplýsingar hann þarf.

Tjáskipti – tjáning og skilningur

Skilur talað mál – lestur – tákn – merki? – tákn með tali? töflur?

Tjáning – talar? – hversu mikið/skýrt – skrifar?

Önnur tjáning – látbragð, svipbrigði, hljóð, merki, tákn – hversu auðvelt að túlka?

Merki um streitu – örvæntingu?

Í hvaða aðstæðum – hvað vekur– Hvernig má sjá fyrir eða koma í veg fyrir?

Hvað gerist – Hvernig þarf að bregðast við?

Önnur viðbrögð sem þarfnast sérstakra viðbragða?

Sérstök hljóð?

Sérstök sjónaréiti – hreyfingar/litir/ljós/önnur?

Snerting – áferð

Rödd eða látbragð annarra – kennara, samnemenda?

Félagslegir þættir – fær um að taka þátt í hóp

Virgni – einbeiting – athygli?

Þráhyggjur, áráttur, merki um óöryggi?

Áhugamál – ánægjuefni – smekkur? Hvað gleður, róar, veitir öryggi?

Aðeins það sem skiptir máli á þessu námskeiði

Skynjun – sjón – heyrn – önnur?

Heilsuþættir – flogaveiki, hjartasjúkdómar, sykursýki eða aðrir heilsutengdir.

þættir sem skipta máli á þessu námskeiði?

Hreyfifærni, sem krefst aðlögunar?

Fyrri reynsla tengd viðfangsefni námskeiðsins?

Sérstakar óskir eða væntingar þátttakandans, talsmannsins, fjölskyldunnar?

Samvinna milli kennara og talsmanns á heimili eða vinnustað, vinna á námskeiðinu, markmið, nám, mat?

Aðrir mikilvægir þættir sem skipta máli á þessu námskeiði?

Hvernig þarf að undirbúa þátttakanda áður en námskeiðið hefst? Bréf heim,

félagssaga í rituðu máli eða myndum? Fundur með kennara á námskeiðsstað eða á heimili þátttakanda?

Hvernig þarf að taka á móti þátttakandanum á námsstaðnum? Þörf fyrir sjónrænt kerfi? fast kerfi athafna? félagslegan túlk eða fylgdarmann? Hvernig má tryggja að þátttakandinn viti hvað hann er að fara að gera, hvað gerist næst og hvernig tíminn endar.

Viðbætur II

Meginforsendur og hindranir

Rætt var við nokkra aðila sem hafa reynslu af námi fyrir fullorðin fólk með þroskahömlun í almennu námi. Viðmælendur voru:

Einstaklingur með þroskahömlun sem hefur reynslu af því að taka þátt í sérstökum námskeiðum fyrir fullorðin fólk með þroskahömlun, almennu framhaldsnámi og í diplómanámi við Háskóla Íslands

Þrír verkefnisstjórar í fullorðinsfræðslu fyrir fólk með þroskahömlun í símenntunarstöðvum fyrir almenning

Tveir verkefnastjórar við diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun í Háskóla Íslands.

Mentor úr hópi skólafélaga án þroskahömlunar – Verkefnastjórar í diplómanámi og námsmaður nefna öll mentor úr hópi samnemenda sem fyrsta og mikilvægasta þáttinn við að gera almennt nám aðgengilegt fyrir fólk með þroskahömlun við hlið nemenda án fötlunar. Félagi úr hópi ófatlaðra samnemenda hjálpar námsmanni með þroskahömlun að skilja viðfangsefni fyrirlestra og styður hann við heimanám og námsverkefni. Þá kom einnig í ljós að mentorinn auðveldar fatlaða námsmanninum þátttöku í félagslegum atburðum og verða þannig hluti af félagslegu samfélagi skólans.

Viðhorf kennara og leiðbeinenda – Að mæta nemanda með þroskahömlun á vingjarnlegan hátt og með virðingu er afskaplega mikivægt. Jafnvel enn mikilvægara en sérstök aðlögun námsefnisins.

Aðlöguð framsetning á innihaldi námsins – hefur líka oft verið fagnað af ófötluðum námsmönnum og sumir kennarar hafa þá reynslu að námskeiðið í heild hafi orðið betra fyrir vikið, án þess að það komi niður á innihaldi námsins.

Kynning og framsetning í námssamfélaginu, gagnvart kennurum eða leiðbeinendum og gagnvart nemendum og jafnvel gagnvart öðru starfsfólki er mikivæg til að draga úr óöryggi

- Upplýsingar um hver tilgangur þess sé að einstaklingar með þroskahömlun séu í námi við þessa stofnum/skóla/stað. Hvort sem þeir

taka þátt í sama námi og ófatlaðir námsmenn eða í sérstökum námskeiðum á sama stað og fólk án fötlunar

- Til hvers er ætlast af þessu námssamfélagi, kennurum eða leiðbeinendum, ráðgjöfum, námsmönnum stjórnendum, fötluðu námsmönnum
- Hvaða kröfur má gera, varðandi nám, félagslega þátttöku og samskipti við nemandann með fötlun

Tími – Viðhorf og samskipti kennara og nemenda verða slakari og sjálfsagðari gagnvart fötluðum nemendum eftir því sem tíminn líðu og reynslan eykst.

Staðsetning – Jafnvel þótt nám fyrir fólk með þroskahömlun fari fram á sérstökum námskeiðum, getur það hentað að deila húsnæði og félagslegri aðstöðu með annarri símenntun. Staðsetningin getur aukið á félagslega þátttöku, þótt sjálft námstilboðið sé sérstakt. Það eykur þátttöku fólks með þroskahömlun í samfélaginu almennt, þar sem fólk kynnist þeim, stoppar og heilsar og spjallar á förnun vegi.